

Nd.

318. Frumvarp til laga

[158. mál]

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm : Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður greiða jafnóðum ársfjórðungslega áætlað rekstrarframlag sitt, miðað við rekstrarkostnað næsta ár á undan, til þeirra heimavistarbarnaskóla, sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á seinustu árum hefur mikið verið að því unnið að sameina skólahverfi í sveitum um heimavistarbarnaskóla. Rísa nú fleiri og fleiri skólar, þar sem jafnvel mörg sveitarfélög eru aðilar að hverjum einum. Ekki verður um það deilt, að þetta mun hið heppilegasta skólaform fyrir sveitir, þar sem því verður við komið. Það gefur góðar aðstæður til náms og þroska nemendanna og verður auk þess ríkissjóði ódýrt skólaform.

Við rekstur þessara skóla hafa komið fram þeir örðugleikar, að heima í héraði er enginn einn aðili, sem telur sér skylt að leggja fram rekstrarfé, jafnóðum og þess er þörf. Enginn einn sveitarsjóður fæst til að taka að sér allar greiðslur vegna þessara skóla, en hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði greiðist ekki samkvæmt lögum fyrr en eftir á, þegar ársreikningum hefur verið skilað. Reikningshaldari hvers skóla á til einskis að sækja um daglegt rekstrarfé fram yfir það, er hver sveitarsjóður kann að greiða upp í áætlaðan kostnaðarluta sinn. Skapast af þessu vandræði og jafnvel öngþveiti, sem örðugt hefur reynzt að leysa. Verða menn því ófúsir til að taka að sér reikningshald þessara stofnana.

Með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum nr. 41/1955, leysist þetta mál. Ríkissjóður greiðir þá jafnóðum, ársfjórðungslega, áætlað rekstrarframlag sitt, miðað við rekstrarkostnað næsta ár á undan. Greiðsluform þetta skal aðeins ná til barnaskóla, þar sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstrinum. Hér er ekki um ný eða aukin fjárútlát að ræða fyrir ríkissjóð, heldur einungis tilfærslu á greiðslum, og ætti það ekki að valda neinum örðugleikum.